

Fundargerð 51. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, mánudaginn 19. september kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Díana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Áherslur um vindorkunýtingu - samskipti við starfshóp ráðuneytis - 2201001SO**
Guðjón Bragason fór yfir stöðu mála varðandi starfshóp ráðuneytisins um vindorkunýtingu.
Stjórn samþykkir að óska eftir að aðildarfélög SO svari tölvupósti sem starfshópur ráðuneytisins um vindorkunýtingu sendi sveitarfélögunum þann 23. ágúst sl.
Samþykkt að stjórnarformaður SO mæti á fund starfshópsins þann 27. september nk.
- 2. Ársreikningur 2021 - 2206001SO**
Ársreikningur 2021 lagður fram til samþykktar.
Stjórn samþykkir ársreikning 2021.
- 3. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022 - 2209001SO**
Stjórn samþykkir að halda aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga 11. nóvember nk. kl. 13:00 í Sveitarfélaginu Ölfus.
- 4. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO**
Stjórn samþykkir að fara í samstarf við ráðgjafafyrirtækið KPMG um stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga.
- 5. Vindorka í DK: Grænar lausnir út um allan heim - 2201001SO**
Lagt til kynningar vettvangsferð til Danmerkur um vindorku.

Fundi var slitið kl. 09:30

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Díana Hilmarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson